

Starfskýrsla stjórnar fyrir árið 2021

24. starfsár KFR hefur nú runnið sitt skeið. Fyrir rúmu ári síðan þann 18. mars 2021 var síðasti aðalfundur haldin. Þá voru eftirtaldir kosnir í stjórn:

Guðmundur Úlfar og Guðrún Lára meðstjórnendur

Hulda Dóra ritari

Gunnar Aron kom nýr inn í stjórn á síðasta aðalfundi sem gjaldkeri.

Tinna var endurkjörin formaður

Og varamenn eru Klara og Tómas Birgir, sem einnig er formaður Meistaraflokksráðs KFR

Stjórnin fundaði eftir þörfum og aðstæðum á árinu en tölvusamskipti voru einnig í meira mæli en áður nýtt til starfsins. Vegna Covid hefur starfsárið verið aðeins markað af því. Ekki var lagt á neitt æfingabann en settar voru ýmsar hömlur. Til dæmis máttu vera hámark 50 iðkendur inn í sama rými á æfingum og leikjum og því var áhorfaendabann á leikjum. Einnig kom það fyrir að iðkendur gátu ekki farið á milli sveitarfélaga vegna smita á svæðinu. Allir flokkar kláruðu þátttöku í mótum á vegum KSÍ. Sumarið var nokkuð eðlilegt og komust allir flokkar á stærri mót. 3. flokkur karla og Yngvi Karl Þjálfari þeirra þá unnu til dæmis bikar í sínum riðli á Reyccup, einnig fékk 4. flokkur karla undir stjórn Yngva fékk háttvísiverðlaun KSÍ á sama móti og stelpurnar í 5.flokki fengu háttvísiverðlaun KSÍ á Tm móti ÍBV svo eitthvað sé nefnt.

KFR var í samstarfi við Selfoss á síðasta ári í 2., 3. og 4.flokki kvenna og einnig í 2. flokki karla. En 3. flokkur karla sem áður var í samstarfi spilaði undir merkjum KFR síðasta sumar og ætlar að halda því áfram í vetur enda er nægur iðkenda fjöldi til að halda úti liði í 11 manna bolta. Hluti af strákunum í 3. flokk eru nú þegar farnir að æfa með meistaraflokki karla sem og strákarnir sem spila með selfossi í 2. flokk. Samtals voru 32 iðkendur frá okkur að keyra tugi kílómetra á viku til þess að sækja æfingar selfyssinga vegna bæði vegna fámennis innan flokka og einnig til þess að komast á gervigras og til þess að fá aukna áskorun á æfingum.

Iðkenda fjöldi hefur aukist á árinu og hefur stelpum fjölgað mikið. Síðastliðin þrjú ár hefur KFR boðið öllum nýjum stelpum að æfa frítt fyrstu önnina. Rannís veitti KFR styrk til

Þess verkefni fyrir þremur árum og virðist þessi tilraun til að fjölga stelpum í fótbolta vera að virka. Einnig hefur iðkendum fjölgað töluvert í Rangárþingi ytra, eða um hátt í helming sem var fyrir þremur árum. KFR hefur líka verið með æfingar á Laugalandi í vetur fyrir yngstu iðkendurnar.

Auk venjulegra stjórnarstarfa hefur þessi stjórn mikinn hug á því að bæta íþróttaaðstöðuna sem við erum að bjóða iðkendum okkar upp á. KFR tekur þátt í mótum á vegum KSÍ frá 5. flokk og upp úr. Þá er leikið heima og að heiman. Yfir sumartímann hefur þetta gengið fínt enda aðstaða til knattspyrnu mjög góð úti í báðum sveitafélögunum en yfir vetrartímann höfum við engan heimavöll og höfum lítið getað fengið að nýta okkur velli samstarfsfélags okkar á Selfossi vegna plássleysis þar. Við erum því hringjandi hingað og þangað að betla velli til þess að spila okkar heimaleiki á, kannski klukkan sex eða sjö á laugardags eða sunnudagskvöldi því það er eini lausi tíminn. Við þurfum einnig að útvega dómgæslu á þessa leiki og það getur verið mjög flókið að fá leikmenn úr meistaraflokki, sem sinna mest allri dómgæslu fyrir yngri flokka, til þess að mæta að dæma leiki jafnvel í Breiðholti eða á Álftanesi. Gervigrasvöllur í fullri stærð myndi að mestu leyti leysa þessi vandamál fyrir okkur. Hvort sem hann væri staðsettur á Hvolsvelli eða Hellu. Hins vegar myndi gervigrasvöllur ekki ná að leysa af hólmi allar þær æfingar sem eru inni í íþróttahúsunum. KFR myndi alltaf biðja um tíma inni í húsunum, fyrir yngstu iðkendum okkar og samfelluæfingarnar. Yngstu iðkendum myndu þurfa að nýta tíma inni í húsi yfir daginn vegna þess að við búum á Íslandi og við vitum aldrei hvernig veðrið verður yfir háveturinn. Ein leiðin til þess að losa íþróttahúsin alveg við knattspyrnuna væri að hafa aðgang að til dæmis yfirbyggðu fjölnotaíþróttahúsi með gervigrasi.

Bætt aðstaða til knattspyrnu er hagsmunamál okkar allra og verður ekki bætt nema allir leggist á eitt. Það mun kosta sjálfboðavinnu og óeigingjarnt starf frá ykkur öllum sem vilja sjá iðkendum KFR blómstra, hvort sem það eru minnstu krakkarnir, unglíngarnir, stóru strákarnir í meistarafloknum eða stelpurnar sem eru að reyna að byggja upp meistaraflokk kvenna KFR.

Að lokum viljum við þakka öllum stofnunum og fyrirtækjum sem hafa styrkt við starfið okkar á árinu. Einnig viljum við þakka þjálfurum KFR fyrir þeirra framlag, metnað,

áhuga og jákvæðni til starfsins. Líka þökkum við foreldrum fyrir allan aksturinn og jákvæðni gagnvart því að þeysa hvert á land sem er.

Takk fyrir!